# Þelamerkurskóli

Afhending 2019/43

Þelamerkurskóli er staðsettur á Laugalandi í Hörgársveit. Hann var stofnaður árið 1963 en framkvæmdir við skólabygginguna hófust árið 1959. Skólinn var heimavistarskóli og fyrsta skólaárið voru 80 nemendur við skólann. Nemendum var skipt í 6 bekkjardeildir en vegna plássleysis var þeim skipt í tvennt og helmingi nemenda kennt aðra vikuna og hinum helmingnum hina vikuna.

Árið 1978 voru tvær nýjar kennslustofur teknar í notkun og nemendum fjölgaði, meðal annars vegna þess að Þelamerkurskóli fékk leyfi menntamálaráðuneytisins til að útskrifa nemendur úr 9. bekk.

Árið 1985 var heimavist í Þelamerkurskóla lögð niður en heimavistarhúsnæðið var notað á sumrin fyrir hótel. Árið 2019 var ákveðið að breyta heimavistarhluta skólans í íbúðir til útleigu.

Árið 1993 var íþróttahús við skólann tekið í notkun, en sundlaug hafði verið á Þelamörk síðan 1946.

Skólastjórar:

| | |
|---|---|
| Jóhannes Óli Sæmundsson | 1963 – 1964 |
| Sæmundur Bjarnason | 1964 – 1981 |
| Sturla Kristjánsson | 1981 – 1982 |
| Karl Erlendsson | 1982 – 2003 |
| Anna Lilja Sigurðardóttir | 2003 – 2007 |
| Ingileif Ástvaldsdóttir | 2007 – 2019 |
| Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir | 2019 – |

Afhendingin barst frá Gylfa Pálssyni. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara, en gögn um Þelamerkurskóla er að finna í gögnum frá Arnarneshreppi.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
18. desember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

| Skrán.nr. | Örk | | Efni | Ath. |
|---|---|---|---|---|

## Þelamerkurskóli 2019 / 43

### A-Bókhald

#### AA-Rekstur skóla og mötuneytis 1964 - 1996

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2019 - AA / 1 | 1 | 1964- 1991 | Dagók: rekstur skólans og mötuneytis frá upphafi skólans s.hl. árs 1963 til 1972 (bls.1-17); rekstur skólans 1972 (bls. 18-19); rekstur mötuneytis 1972-1981 (bls. 50-72) og 1981-1991 (bls. 20-49). | 34,5 x 30,5 cm ib. |
| 2019 - AA / 1 | 2 | 1973- 1980 | Dagbók: rekstur skólans 1973-1980 | 35 x 43 cm ib. |
| 2019 - AA / 1 | 3 | 1981- 1985 | Dagbók: rekstur skólans 1981-1985 | 35 x 43 cm ib. |
| 2019 - AA / 1 | 4 | 1986- 1991 | Dagbók: rekstur skólans 1986-1991 | 34,5 x 50 cm ib. |
| 2019 - AA / 1 | 5 | 1992- 1996 | Dagbók: rekstur skólans 1992-1996 | 33,5 x 39 cm ib. |
| 2019 - AA / 1 | 6 | 1991- 1996 | Dagbók: rekstur mötuneytis skólans 1991-1996 | 33,5 x 39 cm ib. |